

## REGLUR

### um greiðslu fyrir lögregluaðstoð við flutning.

#### 1. gr.

Reglur þessar eiga við um aðstoð lögreglu við flutning á farmi sem stærðar sinnar vegna getur stafað hættu af, svo sem húsum, stórum bifreiðum og farmi sem nær út fyrir pall flutningabifreiðar eða er óvenjulega hár, langur eða þungur.

#### 2. gr.

Farmeigandi skal sækja um flutning skv. 1. gr. til lögreglustjóra með hæfilegum fyrirvara og er slíkur flutningur einungis heimill að fengnu leyfi lögreglustjóra og með þeim skilyrðum sem í leyfi lögreglustjóra greinir. Lögreglustjóri metur hvort lögreglufylgd er nauðsynleg við flutninginn og hvernig fylgd verði háttað þannig að eigi stafi hættu af.

Sé farmurinn það stór að hann komist ekki yfir eða undir brú eða rafmagnslínur á fyrirhugaðri leið, ákveður lögregla hvaða leið skuli farin að ákvörðunarstað farmsins. Sé ekki unnt að fara fleiri en eina leið og farmur er of stór fyrir fyrirhugaða leið, synjar lögreglustjóri um leyfi til flutnings.

Purfi að taka niður eða færa til umferðarmerki, raf- eða símalínur eða annað þess háttar til að hliðra til við flutning, skal farmeigandi afla tilskilinna leyfa hjá þar til bærum yfirvöldum og fyrirtækjum, s.s. Vegagerð ríkisins, viðkomandi sveitarfélagi eða orku- eða síma-fyrirtæki og greiða þann kostnað sem af slíku kann að hljóta. Viðkomandi yfirvöld og fyrirtæki annast þá tilfærslu eða hliðrun sem um ræðir.

#### 3. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að krefjast gjalds af farmeiganda fyrir aðstoð við flutning skv. 1. gr. Gjaldið skal greiðast samkvæmt sundurliðuðum reikningi lögreglustjóra og tekur fjárhæð gjaldsins mið af útseldri vinnu lögreglumanna samkvæmt reglum ríkislögreglustjóra þar um, fjölda þeirra lögreglumanna sem lögreglustjóri telur nauðsynlegt að sinni aðstoðinni, þeim tíma sem flutningurinn tekur og tilfallandi aksturskostnaði lögreglubifreiða við aðstoðina samkvæmt kílómetragjaldi ríkislögreglustjóra vegna reksturs lögreglubifreiða. Sé um að ræða fleiri en eitt ökutæki lögreglu, með mismunandi kílómetragjaldi, skal reikna meðaltal kílómetragjalds þeirra ökutækja.

#### 4. gr.

Reglur þessar eru settar með stoð í 34. gr. og 40. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 og öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. mars 2004.*

**Björn Bjarnason.**

*Þorsteinn Geirsson.*